# Bréf til og málefni bæjarstjórnar 1868-1873

Aðfnr. 2224, örk 5

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Hinn 5. þ. m. hefir Stiptamtið ritað mjer svolátandi brjef:

„Með þóknanlegu brjefi af 30. f. m. hefir herra Cancelliráð sent beiðni bæjarfulltrúanna í Reykjavík um að mega losast við ætlunarverk það, sem tilskip. 10. Aug. 1868 ákveður bæjarstjórninni, að halda nákvæma lista yfir alla smærri og stærri opna báta og þiljuskip, sem í kaupstaðnum eru á tímabilinu frá 12 Mai til sama dags næsta ár notaðir til fiski- eða hákarlaveiða, með skýringu um eigendur skipanna og hlutarhæð þeirra, byggðri á skýrslu hlutaðeigandi formanna, er þeir gefi sendir úrskilboð.

Í þessu tilefni lætur Stiptamtið ekki hjálíða hjer með að tjá Hr. Bæjarfógeta til auglýsingar fyrir hlutaðeigendum, að Stiptamtið skorti myndugleika til að veita bæjarstjórninni undanþágu frá skyldum þeim, sem löggjöfin leggur henni á herðar. Skyldi bæjarstjórnin ekki geta haft þessa tilsjón á hendi, jafnframt öðrum skyldustörfum sínum, hvað jeg þó verð að ætla hún geti, jafnvel þó það

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kosti talsvert ómak að semja hinn fyrsta
lista, meðan álíkt ómak, þegar hann er
saminn, einungis verður í því innifalið
sumpart að fráskrifa þá, er úrganga,
og bæta þeim inní, sem til koma hvert
ár, sumpart við enda hverrar vertíðar
að heimta af formönnum skýrslur
þeirra um hlutarhæðina, og skrifa
hana upp með þeim athugasemdum,
sem tilefni kann að vera til — sje
jeg í sjálfu sjer ekkert því til fyrirstöðu,
hin umrædda tilsjón verði fengin í
hendur áreiðanlegum og duglegum manni
fyrir hönd bæjarstjórnarinnar og uppá
ábyrgð hennar móti því, að ef hjertil
útheimtist sjerstakleg útgipt af bæjarsjóði,
verði útveguð nauðsynleg heimild til
hennar í áætluninni. Jeg álít það
að öðrulegti sjálfsagt, að Hr. Cancelliráðið
láti bæjarins lögregluþjóna án nokkurrar
sjerstaklegrar borgunar, veita bæjarstjórn-
inni nauðsynlegt liðsinni í fram-
kvæmdum tilsjónar þessarar. —

Að því leyti Herra Cancelliráðið
við sama tækifæri hefir leitt athygli
Stiftamtsins að því að tilskip. 10. aug. 1868

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í nokkrum lögsagnarumdæmum lands-
ins ekki hefir verið þinglesin fyrri enn
eptir 14. Maí þ.á., og að þetta í ár kunni
að valda ójöfnuði nokkrum í ýmsum
lögsagnarumdæmum með tilliti til
greiðslu þess gjalds, er hún leggur á til
læknasjóðsins, læt jeg ekki hjá líða að
tjá yður, að gildi tilskipunarinnar, að því
er jeg fæ sjeð, hlýtur í hverju lögsagnar-
umdæmi að miðast frá þinglestursdegi,
og að jeg ekki álít mjer heimilt að gjöra
neina breytingu á reglu þeirri, sem í því
tilliti er gildandi. Jeg hef í dag gjört
þetta atriði að umtalsefni í brjefi
til lögstjórnarinnar og vakið athygli
hennar á þeim vandkvæðum sem
af þessu leiða fyrir læknasjóðinn; þará-
móti fæ jeg ekki sjeð að gjaldgreið-
endur hjer í kaupstaðnum hafi neina
ástæðu til að kvarta um það, að gjald
sje af þeim krafið eptir löggjöfinni
af því að það samkvæmt reglum
löggjafarinnar kringumstæðanna
vegna fyrst verður heimtað hjá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjaldendum í öðrum lögsagnar-
umdæmum nokkrum vikum
eða dögum seinna!! —

Þetta umsamfelli jeg ekki að gefa yður til vitundar
og þóknanlegrar íhugunar. —

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 8. Okt. 1869

A Thorstensen

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavíkur kaupstað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Paa egne og övrige Naboers Vegne af
Lækjargata tillader jeg mig herved at andrage
paa, at ommeldte Gade oplyses paa Kaup-
staðarins for [illegible] [illegible] arbeide. Vore det nu
nær den ærede Communalbestyrelse bekjendt for
det Offentlige ikke hidtil besörget Oplysningen i
denne Gade, især da nu, da Gaden er snart bebygges
ikke synes at være aldeles unödvendigt.

Reykjavik 8 Novb 1869

Ærbödigst
O C Clausen
Naboer af Lækjargata

Til
Reykjaviks Kjöbstads Communalbestyrelse.

Vísast til þóknanlegra álita bæarfulltrúanna
Skrifstofu Bæarfógeta í Reykjavík 8 Nov 1869
A Thorsteinson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

J.

Fyrir hönd barnaskólanefndarinnar leyfi jeg mjer hjermeð að senda yður áætlun yfir tekjur og útgjöld barnaskólans í Reykjavík árið 1870, með beiðni um að hið áætlaða tillag til barnaskólans úr bæjarsjóði verði á sínum tíma tekið til greina þegar áætlun yfir tekjur og útgjöld bæjarsjóðsins verður samin af bæjarstjórninni, fyrir árið 1870.

Skrifstofa Bæjarfógeta í Reykjavík, 2. Dec. 1869

A. Thorsteinson

Til

Formanns bæjarfulltrúanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer að senda hinum heiðruðu bæjarfulltrúum: áætlun yfir tekjur og útgjöld fátækrasjóðs Reykjavíkur kaupstaðar árið 1870 til þóknanlegra eptirlita, og óskast áætlunin mjer aptur aptur apthent um það leyti farið verður að semja aðal-áætlunina fyrir ofangreint ár. —

Skrifstofu Bæjarfógeta í Reykjavík 1. Dec. 1869

AThorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir að jeg næstliðið vor varð þess var að á mig var lagt auk annars sem tollur af óbyggðri lóð 6rd 91ß, sem svarar tolli af hjerum bil 2288 □ al. fór jeg þess á leit við bæjarfógetann að hann vildi hlutast til um að lóð min yrði mæld upp, þareð mig grunaði, að hún mundi vera álitin stærri en hún í rauninni er, eins og raun gaf vitni um, því nú 15. þ. m. fjekk jeg brjef frá bæjarfógetanum, í hverju hann skýrir mjer frá að lóð min öll sje - - - - - - - 2048,14 □ al.
og þaraf byggð lóð — 196,25 — "
er eptir óbyggð lóð — 1851,89 □ al.
eða hjerumbil 1852 □ al. sem mjer beri að greiða toll af. Af þessu sjest að lóðin er 436 □ al. minni en sú, er mjer hefir verið gjört að skyldu að greiða toll af, og sem nemur 1rd 31ß.

Þessari upphæð hefi jeg haldið eptir af bæjargjöldunum í ár í þeirri von að bæjarstjórnin samþykki það, og framveigis taki málefni þetta til greina.

Reykjavik 27. Novembr. 1869.

M. Hjaltested

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer, fyrir hönd byggingarnefndarinnar, að senda yður útskrift úr byggingarnefndarbók bæjarins, innihaldandi útvísun á lóð handa Vigfúsi Guðnasyni á Hlíðarhúsalóð, sunnanvert við veginn, til þóknanlegra frekari aðgjörða.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 27. Dec. 1869.

A Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stiptamtið hefur ídag skrifað mjer svo-
látandi brjef:

„Útaf þóknanlegu brjefi ydar, herra
kanselliráð, af 3 d. þ. m. hvari þjer leitið
samþykktar stiptamtsins til þess, sem fyrir-
tekið er á fundi hennar 3 þ. m., skal jeg ekki
láta hjálíða hjermeð þjenustusamlega að tilkynna
ydur, að stiptamtið samþykkir ákvardanir
byggingarnefndarinnar, bæði með tilliti til
útmælingar túnblettanna nr. 5 og 6, þannig
að þessir tveir blettir aðskiljist við stefnu
þá, sem þverskurðurinn í miðri mýrinni
á vísar upp að Hlíðarhúsavegimum, og
að allir sömu skilmálar verði hafðir við
leigumála á blettum þessum, sem á
nr. 1 á Hlíðarhúsatúninu, að því við-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

botni, að húseigendurnir ekkert endurgjald fái, ef að þurfi, eptir ákvörðun bæjarstjórnar og byggingarnefndar, að taka 20 faðma breiðan svarðfastan renning til bygginga uppsátrum eða vegar meðfram sjónum — og með tilliti til gangstígsins að húsi S. gullsmiðs Vigfússonar."

Þetta undanfellst jeg ekki hjermeð að gefa hinum heiðruðu bæjarfulltrúum til þóknanlegrar vitundar.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 6. apríl 1869

A Thorsteinson

Til

bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jald
ar-
20
til
D
ned-
til
8

D

1869

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer að senda hinum heiðruðu bæjarfulltrúum út- skript af byggingarnefndarbók Reykja- víkur-Kaupstaðar, hvarmeð bygginga- nefndin hefir útvísað faktor J. Jónassen hússtæði á Hlíðarhúsalóðinni, fyrir vestan hús verzlunarstjóra N. Jafetsonar, og hefir byggingarnefndin mælt fram með því, að hússtæði þetta verði afstaðið. — Ef að nú hinir heiðruðu bæjarfulltrúar einnig samþykkja þessa útvísun, óska jeg að ákveðið verði eptir með- fylgjandi skilmála 2gr. um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hinum í afgjaldi á blettinum No 1. á
Hlíðarhúsalóðinni, sem kemur meðfylgj-
andi leigusktimálum, og óska jeg að
þeir, ásamt útskriptinni, verði mjer
endursendir eptir afnotin, ásamt
þóknanlegu svari hinna heiðruðu
bæjarfulltrúa.

Skrifstofu Bæjarfógeta í Reykjavík 20. Jan. 1869.

A Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar ed eg hefi heirt þessgjetid ad
hin heidrada Bæarstiorn, muni
svo fliótt sem verdur, ætla sjer ad
halda á framm med ad leggja klidar
husveigin al veg ut ad griótgardi þeim
sem ad umgirdir Kidar husatun
ad vestann verdur, þa vil jeg ~~biódast~~
bjódast til ef svo er, ad taka ad mjer
þann klutann sem en er ó lagdur
ut ad á minstum gardi og gjöra hann
jáfngodann þeim veigi, sem þegar er
þar ádur lagdur ef eg fæ 13 mörk
firir hvörn fadm, enn þo ad jeg svo af
bæarsjódi fai sjer ~~staka~~ borgun firir
ad lata sprengja steina þa sem vega gjörd
þessari skildi ver til firirstödu
og lofa eg ad hafa af lokid verki
þessu firir næst kom andi vetur nætur
skildi hin heidrada bæar stiorn ad
hillast þett ad tilbod mitt vona jeg
ad hun láni mjer þad af verkfærum
bæarins sem eg naud sinlega kinni

B. J. Gíslason 7/69

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að þurfa með ef hún þarf ekki að
láta brúka þaug; enn að öðru leiti
sjá mjer fyrir þeim sjálfur.

Litlaseli við Reykjavík 26 janúar 1869

Sigurður Steingrímsson

Sendist bæarfulltrúunum til þóknan-
legrar ákvörðunar
A Thorsteinson

Til
Bæarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Bæarstjórnarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eins og Yður er kunnugt, var á kjörfundi hinn 6. þ.m. herra Póstskipsafgreiðandi O. Finsen endurkosinn sem bæjarfulltrúi til næstu 6 ára, og hefir hann tekið á móti kosningunni, og hefir Stiptamtið tilkynnt mjer að það ekkert hafi við þessa kosningu að athuga.

Skrifstofu Bæjarfógeta í Reykjavík, 15. Jan. 1869.

A. Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer að senda bæjarfulltrúunum samþykkta áætlun yfir tekjur og útgjöld Reykjavíkur kaupstaðar fyrir árið 1869.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 15. Jan. 1869.

AThorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir að jeg nú þegar hefi þjónað fátækrafulltrúa störfum í Reykjavík nærfellt í 6 ár, leyfi jeg mjer að gefa hinni heiðruðu Bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar að jeg hjermeð segi af mjer þessum störfum, og óska því að einhver annar verði útnefndur til að gegna þeim, í minn stað.

Stöðlakoti, 18 Januar 1869.

Virðingarfyllst

Jón Arnason

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Bæjarstjórnarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þareð þriggur úr ella uggfekkaði engum, er
bæjarstjórnin hefur látið gjöra tvirgaufsun fyrir mitt
heimili fyrir framan Anchors og Borgarabúðanna
Th. Stephensens hafður vatni að húsi mínu,
sem er því afleiðingar sem vatn því sömun
sekir í kjallara minn, þá leyfi eg mér að
biðjast þess að hin heiðraða Bæjarstjórn láti
annaðhvort gjöra stæk eða fegjá sverrennur
í gegnum veg þennann austur í rennu þá eður
vatnsgrennungum þá er tveir austan hann að og
mitt um Lækarkotslóðar, eða renna meðfram
veginum að uglansvaldu, eður þá og í þriðja lagi
Drifi fer úr þessu sem ofaní hefur verið Bæjar-
heimilið húsi mínu svo ekki geti staðið vatnið
sífellt blauta milli þess og veginum, nú
hefur mikið regn þessa, og annar þess sem eg
á minn kostnað hafi orðið á Lovinns Lóð að
gjöra heim að húsi mínu.

Eg leyfi mér að vona að hin heiðraða Bæ-
stjórn álíti þessa bón mína sanngjarna
og því góðfúslega veiti mér hana

Reykjavik 9/1 1869 Sveinsson

[illegible]

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Af því að jeg hefi í hyggju að útvegja mér

bygt lítið hús úr grjóti er og hefi vonum að hafa

valdá á samt hússtæðinu þá bið eg

yður Herra Formaður bæarfulltrúanna

H Sivertsen að þjer gjörið svovel að

út og bæar vagnum leyglaust til að

flitja þettað grjót frá skála vörðunni að

Litlu bergstöðum

Reykjavík 15 Novenber 1869

Handsalað Rannvey Jóhannesdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer að senda hinum heiðruðu bæjarfulltrúum tvö brjef, dagsett 28. f.m. og 3. þ.m. frá mönnum er hafa gengist fyrir ýmsum ráðstöfunum viðvíkjandi Skólavörðunni og sem innihalda bæði skýrslu þeirra um hvað þeir hafi gjört og svo nokkrar uppástungur.

Brjef þessi leyfi jeg mjer að senda hinum heiðruðu bæjarfulltrúum til þóknanlegs álits og frekari aðgjörða, án þess að jeg hafi ástæðu til þess að láta í ljósi skoðun mína á þessu málefni um hinar gjörðu uppástungur, um hverjar jeg samt hlýt að skýrskota til þess er mjer áður hefur gefist kostur að framfæra, þar á meðal, að það hefði verið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tilætlun mín að Skólavarðan ekki ætti
að lenda á bæjarsjóði með beinlínis
tilkostnaði.

Þó svo að hinir heiðruðu bæjar-
fulltrúar sjerstaklega óski þess að bera
sig saman við mig um málefni
þetta, er jeg fús til þess ef mjer er gefin
bending um það.

Skrifstofu Bæjarfógeta í Reykjavík, 8. Nov. 1869

A Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fulltrúarnir vildu koma til fundar í húsum mínum á mánudag: þ. 15da þ. m. e. m. kl. 4 til að ráðstafa málefnum þeim er meðfylgjandi skjöl innihalda.

Rvik þ 13. Nov 1869

A. Sivertsen

[illegible] Stephensen [illegible]

Jón [illegible]

Jón Pjetursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fulltrúarnir vildu koma til fundar í dag e: m kl 4, í húsum mínum, til að kjósa 2 kjörnefndina er sú í hönd farandi fulltrúa kosning útheimtir, ásamt fleiru er ráðstafa skal.

Rvík, mánudag, 13. Decbr 1869

H. Sivertsen

Til

Herra J. Pjeturssonar séð, en get líklega ekki komið.

" H. Jónssonar

" Th. Stephensen sjeð

" O. Finsen sjeð

" J. Þórðarson sjeð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá Stiptamtmanninum hefi jeg meðtekið svolátandi brjef, dagsett í gær:

„Með þóknanlegu brjefi frá í gær, hafið þjer herra Kansellíráð, sent mjer beiðni bæjarfulltrúanna í Reykjavík af 16. þ.m. um, að almennur borgarafundur verði kallaður saman til þess að ákveða fasta ráðstöfun um skólavörðuna, er var byggð upp 1868, og einkum með tilliti til þess á kostnað sveitarinnar í þessu augnamiði að taka upp peningalán, og hafið þjer leitað samþykktar amtsins til þessarar beiðni.–

Útaf þessu gef jeg yður hjermeð

herra Kansellíráð, vald til, samkvæmt reglugjörð 27 nóv. 1846 § 24 að kalla saman borgarafund, til þess að hann geti lýst áliti sínu um þetta mál, áður en því, samkvæmt nefndri reglugjörð, er skotið til úrskurðar lögreglustjórnarinnar.

Þarsem þjer í nefndu brjefi, hafið getið þess, að þjer vegna hinnar persónulegu stöðu yðar til málsins óskið að losast við að stjórna fundinum og að fela bæjarfulltrúunum á hendur að tilnefna mann til þess, finnur Stiptamtið ekkert athugavert við það."

Þetta leyfi jeg mjer hjermeð að tilkynna yður, og hefi jeg ákveðið ~~hinn~~ almenna borgarafund til Miðvikudags 22. Dec. þ. á.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kl. 12. á hádegi í hinum stóru herbergjum sjúkrahússins, sem jeg vænti að verði látin í tje af fjelagsstjórninni, þareð bæjarstofan er of lítil.

Skrifstofu bæjarfógetans í Reykjavík,
11. Desember m. 1869.

A. Thorsteinson

Til
Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjálagða útskript úr byggingarnefndar-
bók Reykjavíkur, frá í dag, áhrærandi:

1° Útvísun á lóð handa Jóni Ólafssyni
á Hlíðarhúsalóðinni — og

2° Ákvörðun byggingarnefndarinnar
viðvíkjandi þverveg yfir Hlíðar-
húsalóðina —,

leyfi jeg mjer hjermeð að senda Yður til
þóknanlegra frekari aðgjörða, og bið jeg Yður
jafnframt að endursenda mjer útskript
þessa, þegar Þjer hafið gjört við hana þær at-
hugasemdir, er Yður mætti virðast ástæða
til.—

Skrifstofu Bæjarfógeta í Reykjavík, 13. Nov. 1869

A Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavíkurkaupstað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

/. Hjálagða útskript úr bygginganefndarbók bæjarins frá 9. þ. m. áhrærandi:

1. útvísun á lóðarauka við lóð Guðm. Erlindssonar og
2. — — á hjallstæði handa Gísla á Bakka —,

leyfi jeg mjer hjermeð að senda Yður til þóknanlegra aðgjörða, að því leyti viðvíkur lóðarútvísaninni til G. Erlindssonar, og bið jeg Yður jafnframt að endursenda mjer útskriptina þegar þjer hafið gjört við hana þær athugasemdir, sem yður mætti finnast ástæða til. —

Skrifstofu bæjarfógetans í Reykjavík, 12. Okt. 1869.

A. Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hefir 29.
f. m. ritað mjer á þessa leið:

„Frá lögstjórninni hefi jeg meðtekið fylgjandi
brjef, dags. þ. 15. þ. m.:

„„Ved i dansk Oversættelse at fremsende
et til Stiftamtet indsendt Andragende,
hvori Reykjavik Kommunalbestyrelse
anholder om Approbation paa at Parcellen
No 4 paa Hlíðarhús-Lodden maa afhændes
til Arvefæste imod en aarlig Afgift af
43 al. efter Kapitulstaxtens Middelpriis,
har Hr. Stiftamtmanden i behagelig
Skrivelse af 19de Januar sidstleden, nødt
at bemærke, at Middeltalen efter Kapitels-
taxten for 1868/69 var 21 ⅔ s., hvorefter den

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stipulerede aarlige Afgift af 43 Al. vil udgjöre 9 Rd. 68 ß, i Henhold til Anordning 27. November 1846, § 24. indstillet, at der maa meddeles Approbation paa, at den ovennævnte Parcel bortarvefæstes paa de i Kommunalbestyrelsens Skrivelse anmeldte Vilkaar.

Foranlediget heraf skulde man til behagelig Efterretning og videre Bekjendtgjörelse for Vedkommende tjenstligen melde, at den begjærte Approbation herved meddeles.""

Þetta læt jeg ekki hjáliða hjermeð þjenustusamlega að tilkynna Yður, herra Kanselíráð, til þóknanlegra leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir hlutaðeiganda." —

Það undanfelli jeg ekki hjermeð að gefa Yður til þóknanlegrar vitundar.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík. 1. Mai 1869.

A Thorsteinson

Til
Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Bæjarfulltrúanna

Emb.mál. í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fulltrúarnir vildu koma til fundar í húsum mínum á morgun þann 8da þ: m: kl 11, til aukaniðurjöfnuðar og annarar ráðstöfunar.

Rvík þ. 7da Juni 1869

H A Sivertsen

Herra J Pjetursson sjeð J. P.
" H Jonsson sjeð
" O Finsen sjeð O Finsen
" J Þordarson sjeð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Tómthúsmennska leyfð, síðan 16. marts 1869.

x Agli Gunnlaugssyni
x Pjetri Kristjánssyni 1 ár. borga hjá
2. x Guðmundi Guðmundssyni 1 ár. 2 (frá Reinisvatni) frá Nýjabæ & nú ~~[illegible]~~

Ástríði, ekkju Jóns Vigfússonar, er eins ósvarað, og
Einari Jónssyni frá Ártúni er, munnlega leyft að vera til lesta.

## Lausamennska leyfð:

x Önnu Jónsdóttur í Sauðagerði
Halldóru Jónsdóttur Laugarnesi 2 (Helgastöðum) niður. O. K. 4 Jan.
x Elínu Sigurðardóttur frá Mýrarhúsum,
x Friðsemd Magnúsdóttur Sölfhól
Guðrúnu Högnadóttur, ~~fyrra leyfið endurnýjað~~
x Páli Eyjólfssyni (hafði leyfi í Gullbringusýslu) frá Fossá
x Ragnhildi Gunnarsdóttur (hjá Jóni Guðmundssyni)
x Solveigu Einarsdóttur Lækjarkoti
Guðrúnar Helgadóttur leyfi aptur sett í gildi.

## Borgara- og Sveinsbrjef gefin

Magnúsi Olafssyni og hjá Jac. Sveinss.
Guðmundi Eyjólfi Hallgrímssyni } Sveinsbrjef.
x Jóni Ásmundssyni, borgarabrjef.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer að senda útskript af byggingarnefndarbók Reykjavíkur kaupstaðar dags. í gær, viðvíkjandi útvísun á lóð meðfram Hlíðarhúsaveginum handa Jóni Þórðarsyni í Hlíðarhúsum, til þóknanlegra frekari aðgjörða.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 19. Maí 1869

A Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir nokkrum dögum var eg staddur ásamt meiri hluta bæarfulltrúanna við klöpp þá á alfara-veginum sem þá var verið að sprengja, og hélt eg þá fram, að klöppin að sunnanverðu yrði sprengd svo að hún hyrfi í veginn, og enfremur sprengt úr sömu klöpp svo mikið suður á við að vatn gæti fengið afrás niðurámóti: þetta skildist mér þá, að þeir er viðstaddir voru féllust á.

Allt fyrir það hefi eg í dag orðið þess áskynja, að búið er að verið að sprengja klöppina lítið eitt meira en að svo hefir verið hætt við það, og byrjað að leggja veginn, eins þannig liggur á þverhnýptri klöpp er hlýtur ætíð að verða uppi, og gera alla vagnkeyrslu mjög óhæga, og þarútan óprýðir slík aðferð veginn.

Með því eg verð að halda því fast fram að klöppin verði látin hverfa burtu og sprengd

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að öllu óyfirborðnu, leyfi eg mér fyrst og fremst
að skjóta þessu til álita bæarfulltrúanna,
en svo framarlega sem þeir eru fallnir á þetta
beiðist eg samkvæmt 16 gr. tilsk. 27 Nov 1846
fundar áður en verkinu er framhaldið.

Skrifstofu Bæarfógeta í Reykjavík 5 Júní 1869

A Thorsteinson

Til

Formanns Bæarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

+ Einar Hermannsson ektaður —

× Guðmundur Lárusson ektaður viðað búið þarf 69

4. ×: Eiríkur Arnason Laugarnesi hefir óbundið húsmennsku.

× Eyrún? Jónsdóttir í Hlemmiskeiði? viðt

× Guðmundur Jónsson í Grafarnesi? tilagt að fara

× Guðni Loptsson hefir bygt., fyrir 1/1 ár

× Halldór fengið vegabréf

× Hannes Hannesson með Kristínu farið.

× Hallbera gefið vegabréf

× Johanna Zoega — fyrir 1/1 ár

× Jónas Jónsson á Eiði eptir fyrirboði af [meðgjöf] einni einni

× Marta Markúsdóttir [Halldórsd.] eptir fyrirboði. fyrir 1/1 ár

× Pétur Sigmundsson — fyrir 1/1 ár

× Pétur Guðmundsson Landakoti ektaður

?. Páll Pálsson einhleypur viðað búið nema hann borgi [framvegis] í einum af eigin efnum.

× Páll Stephansson. —

× Ragnheiður Gunnarsdóttir lausamennskubref. 1/1 ár

× Sigurður Bjarnason farinn

× Stephán Ólafsson á fastri meðgjöf af annari inn, verður útgjöld um hann í einum 1/1 ár

Jp: ? Ingilaug Þorvarðsdóttir tilagt að fara

× Sigríður Ólafsdóttir } báðar ektaðar
× — Jónsdóttir }

Sigríður Magnúsdóttir viðað búin á að borga 2.

× Þorvarður [viðlaus] gefið vegabréf

× Þorsteinn Bjarnason ektaða viðað búinn

?. × Jón Jónsson í Klofa viðað bætt til fardaga 1870

? × Solveig Einarsdóttir ektuð, lausamennskubréf

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

x Aug Olavsen
H A & Co
S & J & Co
Bjarni Bjørnsson
x Bernd Smith
Fridr Gislason

Slüse hos Jørgensen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur